

Mál nr. 149/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

### Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 20. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 10. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. júní 2022.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 27. júní 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 4. maí 2018 hafi M, við vinnu sína í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M var í snjósleðaferð á vegum M á Geldingafelli við Kjöl í vondu veðri og lélegu skyggni. Hafi hann farið af sínum sleða til að aðstoða viðskiptavin sem hafi verið fastur þegar hann rann í gegnum snjóbrú sem lá yfir sprungu. Hafi hann náð að grípa einhverja handfestu og koma sér upp úr sprunginni en hafi við það farið úr axlarlið og hlotið varanlegt líkamstjón en varanleg læknisfræðileg örorka M vegna þessa atviks hafi verið metin til átta stiga. Gerir M kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu X vegna þessa. Byggir M á því að slys hans sé að rekja til ófullnægjandi starfsaðstæðna en orsök þess megi rekja til þeirrar ákvörðunar X að halda í umrædda ferð þrátt fyrir slæmar veðuraðstæður og spá um verra veður en öryggisreglur X kvæðu á um. M hafi verið einn þriggja starfsmanna í umræddri ferð en enginn yfirmaður sem hafi haft heimild til að aflýsa ferðinni hafi verið á svæðinu. Á svæðinu hafi verið mikið rok með tilheyrandi snjófoki, skyggni um 5-10 metrar og djúpur nýfallinn snjór á svæðinu. Veður hafi verið slíkt að ekki hafi verið fært fyrir sjúkrabifreið á grunnbúðir við svæðið í kjölfar slyssins heldur hafi þurft að aka M niður að Gullfossi á breyttri jeppabifreið. Þá hafi fyrirhuguðum ferðum síðar sama dag verið aflýst. Hefðu veðuraðstæður verið betri hefði ekki komið til slyssins þar sem M hefði þá séð hvar óhætt væri að stíga niður án slysahefðu. Í ljósi þessa hefði verið nauðsynlegt að einhver væri á staðnum sem hefði heimild til að aflýsa ferðinni og gæti byggt þá afstöðu á aðstæðum á svæðinu á rauntíma en ekki aðeins með hliðsjón af veðurspám. Vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem leggi þær skyldur á atvinnurekanda að tryggja starfsfólki eins öruggt starfsumhverfi og hægt er og veita því nauðsynlega kennslu og þjálfun í að rækja starf sitt með þeim hætti að ekki stafi hætta af. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu fyrr en 29. maí 2018 og því hafi tilkynning ekki verið til samræmis við 79. gr. laganna. Hafi því engin rannsókn á orsökum þess farið fram og verði X að bera hallann af upplýsingaskorti sem af því leiði.

Í bréfi V til nefndarinnar og viðbótarathugasemdum þess er tekið fram að um Geldingafell sé fjall en ekki jökull og því hæpið að M hafi fallið í sprungu. X hafi þá fengið þær upplýsingar um slysið að M hafi ætlað að hoppa yfir læk en ekki náð yfir hann. Við skoðun á veðurspám sé helst stuðst við veðurstöðina við Gullfoss en skráning þaðan sýni að meðalvindhraði meðan ferðin stóð yfir hafi verið um 9,2 metrar á sekúndu. Textaspá fyrir miðhálandið að morgni 4. maí 2018 hafi verið suðvestan 13-20 og él og frost 0 til 5 stig en þurrt norðan Vatnajökuls og frostlaust að deginum. Verklagsreglur í öryggisáætlun X geri þá ráð fyrir því að jeppabílstjóri og fremsti sleðaleiðsögumaður skoði veðurspár fyrir ferðir, og taki aftur stöðu á veðri þegar komið er á staðinn. Þá sé sérstök vakt á vegum X sem starfsmenn geti haft samband við lítist þeim ekki á veður eða akstursskilyrði enda séu þeir þá í betri aðstöðu til mats á því. Í slíkum tilvikum sé ferðum aflýst. Engin slík beiðni hafi borist umrætt sinn. Með hliðsjón af framangreindu hafi það hvorki falið í sér gáleysi né brot á öryggisreglum að umræddri ferð hafi ekki verið aflýst. Þá er því sérstaklega mótmælt að enginn yfirmaður hafi verið á svæðinu, en samkvæmt upplýsingum frá X hafi næsti yfirmaður M verið á staðnum. Þess utan komi hvergi fram að orsök þess að M féll í gegnum snjóinn hafi verið slæmt veður eða skyggni, og sé nærtækara að telja orsökina einfaldlega þá að snjóhengja gaf sig undan honum. Verði X ekki gert að bera ábyrgð á slíku óhappi og jafnvel þó frásögn M sé lögð til grundvallar séu engin orsakatengsl milli veðurfars og slyssins.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega mótmælt að M hafi slasast við að hoppa yfir læk enda séu engin gögn sem styðji þá lýsingu. Þá er vísað til yfirlýsingar Y, sem hafi verið starfsmaður í sömu ferð og vitni að umræddu slysi, en þar segir að eftir að hafa aðstoðað viðskiptavininn hafi M gengið yfir snjóbrú eða hengju sem ekki hafi verið sýnileg og fallið í gegnum hana. Þá liggi fyrir að á þessum tíma hafi ekki verið fyllt út „daily report“ og verði því allur vafi um atvik að falla X, enda standi það vinnuneytanda nær að sjá um skráningu vegna slysa á starfsmönnum. Þá vísi V til þess að vindur samkvæmt textaspá hafi verið 13 til 20 metrar á sekúndu sem teljist allhvass vindur og upp í hvassviðri samkvæmt Beaufort-kvarða. Samræmist það einnig frásögn Y sem segi veður hafa verið vont, mikinn vind og lítið skyggni. Hafi M því ekki getað gert sér grein fyrir aðstæðum og því ekki séð snjóhengjuna sem olli slysi hans. Þá staðfesti Y þá frásögn M að enginn yfirmaður verið á svæðinu.

### Álit.

Ekki verður ráðið af gögnum málsins að ágreiningur sé um að M hafi slasast við það að falla niður um snjóhengju í kjölfar þess að hann aðstoðaði farþega sem sat fastur, þó aðila greini á um hvort snjóhengjan hafi verið við læk, holu eða sprungu. Verður því að telja að ekki sé uppi ágreiningur um málsatvik að slysinu sem slík heldur um skilyrði skaðabótaábyrgðar X, og hefur hugsanleg vanræksla X á því að tilkynna réttilega um atvikið, sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 ekki áhrif á sönnunarstöðu hvað það varðar.

M byggir á því að hann hefði áttað sig betur á aðstæðum á svæðinu hefði veður verið betra og að X hafi, við þær veðuraðstæður sem uppi voru, borið að aflýsa umræddri ferð. Því séu orsakatengsl milli meintrar vanrækslu X og slyss hans sem X beri ábyrgð á. Ágreiningur aðila hverfist því aðallega um það hvort X hafi bakað sér skaðabótaábyrgð með því að aflýsa ekki umræddri ferð. Af gögnum málsins má ráða að slys M hafi átt sér stað um kl. 13:00 en að veður hafi farið versnandi eftir því sem leið á daginn. Liggur ekki fyrir að veðurspá vegna þess tíma sem ferðinni var ætlað að standa hafi verið með þeim hætti að það verði metið X til sakar að hafa ekki aflýst henni áður en haldið var af stað í grunnbúðir. Samkvæmt fyrirliggjandi öryggisáætlun vegna sleðaferða skal þá fremsti sleðaleiðsögumaður í slíkum ferðum skoða veðurspá. Þá hefur því í sjálfu sér ekki verið mótmælt að starfsfólk á vettvangi hafi getað, væru aðstæður með þeim hætti að þess teldist þörf, haft samband við sérstaka vakt á vegum X með beiðni um að ferð væri aflýst, jafnvel þó enginn starfsmaður á vettvangi hafi haft sjálfstæða heimild til slíkrar aflýsingar. Verður samkvæmt framansögðu að miða við að starfsmenn á vettvangi hafi metið það svo að óhætt væri að fara í umrædda ferð og er ekki sýnt fram á að það mat hafi ekki verið forsvaranlegt. Er því ekki talið sýnt fram á að það að aflýsa ekki umræddri ferð hafi falið í sér gáleysi af hálfu X eða brot á öryggisreglum þess svo sem haldið er fram.

Þess utan liggur raunar ekki fyrir að orsakatengsl hafi verið milli þeirra veðuraðstæðna sem M segir hafa verið á vettvangi á tjónsdegi og slyssins, en ætla má að snjóhengjur geti alltaf verið varhugaverðar og að þeirra megi vænta á svæði þar sem ferðast er á snjósleðum, sér í lagi á tímum sem hitastig er nálægt eða yfir frostmarki. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að um óhapp hafi verið að ræða sem verði ekki rakið til atvika sem X beri skaðabótaskyldu vegna.

### Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir